

109 — Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar sjúkráðsins í Reykjavík um nefnt  
22. sept. sjúkráhus. — Eptir að jeg í brjefi til ráðgjafans fyrir Ísland frá 28. desbr. f. á. hafði mælt með bænarskrá hinnar heiðruðu forstöðunefndar frá 22. nóvbr. s. á., lútandi að fyrirkomulagi á sjúkráhusinu, þannig að hið opinbera tæki að sjer alla umsjón sjúkráhusstofnunarinnar, gegn því að allar eigur hennar væru afhentar landsstjórninni til frjálstra umráða, hefir ráðgjafinn í brjefi frá 30. maí þ. á., þar sem hann jafnframt sendi mjer fjárlagafrumvarp fyrir árin 1882 og 1883, sem leggja skyldi fyrir alþingi, meðal annars skrifað mjer á þessa leið:

«Í brjefi frá 28. desember f. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, út af bænarskrá frá forstöðunefnd sjúkráðsins í Reykjavík, lagt það til, að í fjárlögum fyrir 1882 og 1883 yrði sókt um fjárveitingu til þess, að landssjóðurinn taki að sjer sjúkráhusshaldið, og til þess að fyrir upphæð þá, er næmi allt að því 40,000 kr., væri byggt nýtt sjúkráhus samastaðar á kostnað landssjóðsins, gegn því, að eigur hins núverandi sjúkráðs væru afhentar landssjóði, undir eins og farið væri að nota hið nýja sjúkráhus. Út af þessu vill ráðgjafinn taka það fram, að það að hans álitu liggur Reykjavíkurborg næst, að annast um haganlegt fyrirkomulag á málefnum sjúkráðsins og því má það álitast rjettast, að kaupstaður þessi, ef til vill í sameiningu við hjeruð þau, er næst liggja og einkum nota sjúkráhusið, taki spurninguna um að koma upp nýju sjúkráhusi og um breytingu á sjúkráhusshaldinu til meðferðar, ef til vill með nokkrum styrk úr landssjóði, sem væri í rjettu hlutfalli við þá þýðingu, sem sjúkráhusið hefir fyrir allt landið. Þegar nú hjer við bætist, að málefnið er ekki enn komið svo langt á leið að, ályktun verði tekin um það, að landssjóður eigi að taka að sjer sjúkráhusshaldið og kosta nýtt hús handa því, þar sem bæði vantar áætlun um gjöld þau, sem eru samfara sjúkráhusshaldinu, og sundurliðaðan uppdrátt og áætlun yfir hús það, er byggja skal, og þar eð landssjóðurinn þar að auki, eptir því sem sjá má á fjárlagafrumvarpinu, ekki myndi vera fær um, að minnsta kosti ekki af tekjum fjárhagstímabilsins, að greiða svo mikla fjárupphæð, sem hið hjer greinda fyrirtæki myndi útheimta, hefi jeg álituð að ekki bæri að taka hjer um reddar tillögur til greina».

Þetta er hjer með tjáð hinni heiðruðu forstöðunefnd til þóknarlegrar leiðbeiningar.

## Fundaskýrslur amtsráðanna.

### A.

110

#### *Fundur amtsráðsins í vesturumdæminu 7.—9. júní 1881.*

Fundurinn var haldinn að Ólafsdal í Dalasýslu af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmanni Torfa jarðyrkjumanni Bjarnasyni og varaamtsráðsmanni Guðmundi prófasti Einarssyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram þessa reikninga:

- a. Reikning jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1880.
- b. Reikning búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir sama ár.
- c. Reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu fyrir sama ár.

Reikningar þessir voru yfirskoðaðir, og fannst ekkert við þá að athuga.

2. a. Samkvæmt fyrirmælum landshöfðingjans tók amtsráðið til yfirskoðunar uppástungur umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs viðvíkjandi leigu-

mála á jörðum þeim, er heyra undir þessi umboð. Að því leyti sem amtsráðið hefir þekking á jörðum þessum, virtist því uppástungur umboðsmannsins vera svo nærri sanni, að það eigi treysti sjer til að koma fram með neinar tillögur um breytingar á þeim, en athugaði jafnframt því, að það þess vegna samþykkti þessar uppástungur í heild sinni, að breyting á ástandi jarðanna í framtíðinni gæti gjört nauðsynlegt að gjöra tilsvarendi breytingu á leigumála þeirra.

- b. Amtsráðið yfirskoðaði einnig uppástungur um leigumála á Barðastrandar- og Álftafjarðar umboðsjörðum, og var álit ráðsins að öllu leyti hið sama um þær jarðir sem um Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð.
  - c. Loks yfirvegaði amtsráðið uppástungur um leigumála á jörðinni Feigsdal. Eptir þeirri skoðun, sem hreppsnefndin hefir haldið fram, áleit amtsráðið að 6 vætta afgjald væri eigi of hár fastur leigumáli á jörðinni, en með tilliti til þeirra skemmda, sem tún og engjar jarðarinnar nýlega hafa orðið fyrir, eptir skýrslum, er amtsráðið hafði fyrir sjer, vildi ráðið leggja það til, að leigumálinn væri ákveðinn 100 ál. um hin næstu 5 ár, eins og umboðsmaður og sýslunefnd höfðu stungið npp á.
3. Í tilefni af bónarbrjefti frá premier-lieutenant Trolle um 2000 kr. styrk af því fje, sem í fjárlögunum er veitt til eflingar búnaði, upp í kostnaðinn við ferð hans hjer til landsins til að kynna sjer fiskiveiðarnar m. m., var það álit amtsráðsins, að það sæi sjer ekki fært að leggja það til, að hinn umbeðni styrkur yrði veittur af nefndu fje, enda hafi þegar verið fyrirhugað, hvernig verja skuli á annan hátt hluta vesturamtsins af fje þessu. En ef fyrirtækið álitist að hafa verulega praktiska þýðingu fyrir þetta land, áleit ráðið liggja nær að leita í því tilliti sjerstakrar fjárveitingar hjá alþingi.
  4. Sýslunefndin í Dalasýslu hafði sókt um samþykki amtsráðsins til að taka lán, að upphæð 4700 kr., handa sýslusjóðnum, til þess að byggja fyrir fje þetta alþýðuskólahús í Ásgarði. En þar eð amtsráðinu var kunnugt, meðal annars af skýrslum, er forseta höfðu verið sendar frá fundi, er haldinn var í Stykkishólmi í síðastliðnum janúarmánuði, að áformið um skólastofnunina í Ásgarði nú er orðið breytt, eða að minnsta kosti óvíst, hvernig því muni verða framfylgt, fann amtsráðið ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að veita hið umbeðna samþykki.
  5. Eptir beiðni sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, er byggð var á áskorunum frá öllum hreppsnefndum í sýslunni, leyfði amtsráðið, að greiða mætti úr sýslusjóði borgun fyrir eptirrit af gjörðabók sýslunefndarinnar handa hverjum hreppi árlega.
  6. Forseti lagði fram reikninga og skýrslur um bókasafn vesturamtsins í Stykkishólmi fyrir tímabilið frá 1. jan. 1873 til 31. des. 1880, og tók fram, hverjar helztu bækur safnið hefði eignast á þessu tímabili. Amtsráðið ákvað, að leita skyldi framvegis sama styrks úr landssjóði handa bókasafninu, eins og því hefir verið veittur á fjárhagstímabilinu 1880 og 1881, en það eru 200 kr. hvort árið.
  7. Amtsráðið yfirskoðaði og úrskurðaði sýslusjóðsreikninga úr amtinu :
    - a. Reikningana fyrir árið 1879 úr Mýrasýslu, Dalasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og höfðu þeir verið leiðrjettir þannig, að amtið nú ekkert fann við þá að athuga.
    - b. Reikningana fyrir árið 1880 frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu og Strandasýslu. Við hina tvo síðastnefndu reikninga fann amtsráðið ekkert að athuga. En við hinn fyrstnefnda reikning fannst það athugavert, að

110

ekki var talið í tekjudálki 5 kr. 41 a., sem í reikningnum fyrir 1879 er talið í eptirstöðvum við árslok, og var því úrskurðað, að reikningshaldara bæri að gjöra grein fyrir þessu gjaldi.

8. Amtsráðið ákvað, að forseti skyldi hlutast til um, að hinir enn vantandi sýslu-sjóðsreikningar frá Ísafjarðarsýslu fyrir 1879 og 1880, og frá Mýra og Dalasýslum fyrir 1880 yrðu sendir án lengri undandrátar til forseta.
9. Hreppsnefndarmenn í Helgafellssveit höfðu kvartað yfir því, að sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefði ákveðið, að vegarkafli frá aðalveginum í Stykkishólmi upp að húsi prófastsins skyldi vera hreppsvegur, en amtsráðið fann ekki ástæðu til að fella þessa ákvörðun sýslunefndarinnar úr gildi.
10. Sýslunefndin í Strandasýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið vildi hlutast til um, að fjallvegurinn yfir Steingrímsfjarðarheiði yrði sem fyrst endurbættur. Amtsráðið vildi mæla fram með þessari beiðni, einkum að vegurinn yrði sem allra fyrst varðaður til að afstýra hættu á vetrardag. Jafnframt vildi ráðið benda á, að brýna nauðsyn bæri til, að fjallvegurinn yfir Þorskafjarðarheiði verði sem fyrst endurbættur, og að hinum byrjuðu vegabótum á Bröttubrekku, Laxárdalsheiði og Hauka-dalsskarði einnig verði áfram haldið, eptir því sem efnin leyfa.
11. Amtsráðið veitti forseta heimild til eptir atvikum að veita kvennaskólanum í Reykjavík fyrir árið 1882 sama styrk úr jafnaðarsjóði og skóla þessum var ætlaður fyrir hvort af árunum 1880 og 1881.
12. Amtsráðið yfirfór útskriftir úr gjörðabókum sýslunefndanna:
  - a. Í Mýrasýslu frá fundi 8. septbr. 1880.
  - b. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá fundi 20.—22. apríl 1881.
  - c. Í Dalasýslu frá fundi 25. nóv. 1880.
  - d. Í Barðastrandarsýslu frá fundum 27. sept. 1880 og 2. og 3. maí 1881.
  - e. Í Strandasýslu frá fundi 8.—10. apríl 1881.
  - f. Í Ísafjarðarsýslu frá fundum 5.—6. apríl og 17. maí 1881.

Með tilliti til þess, að sjá má af útskriftum af gjörðabókum sýslunefndanna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og í Barðastrandarsýslu, að nefndirnar hafa skuldbundið sýslusjóðina til að greiða um langan tíma gjald til fyrirhugaðs gagnfræðaskóla í vesturamtinu, ákvað amtsráðið, að tilkynna skyldi greindum sýslunefndum, að þær eptir 43. gr., sbr. 26. gr. sveitarstjórnarlaganna, ekki hafi heimild til að leggja slíka skuldbindingu á sýslusjóðina án samþykkis amtsráðsins. Að öðru leyti fann amtsráðið ekki ástæðu til að gjöra athugasemdir við nefndar útskriftir.

13. Hreppsnefndin í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu hafði farið þess á leit, að hlutast verði til um, að alfaravegurinn verði lagður yfir landareign Ísafjarðar kaupstaðar á hentugum stað milli þeirra parta hreppsins, sem liggja að kaupstaðarlóðinni. Amtsráðið ákvað, að leita um þetta málefni álits hlutaðeigandi sýslunefndar.

(Framhald).

#### HEIÐURSGJAFIR.

Hinn 16. septbr. voru af vöxtum styrktarsjóðs Christians konungs hins níunda í minningu þúsundaráhátíðarinnar veittar þessar heiðursgjafir fyrir framúrskarandi jarða- og húsabætur:

1. Jóni Runólfssyni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu . . . . . 160kr.
2. Vilhjálmi Bjarnarsyni á Kaupangri í Eyjafjarðarsýslu . . . . . 160 —